

Ed.

562. Tillaga

til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum þurfamönnum.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr rikissjóði, þangað til lokið er að reisa fyrirbugaða viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, þann hluta af meðgjöf með geðveikum þurfalingum á svo kölluðum »Litla-Kleppi« í Reykjavík, sem fer fram úr meðgjöfinni á Kleppshælinu, þó aldrei meira en 6 krónur á dag fyrir einstakan sjúkling, enda sje stofnun þessi undir eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins.